

Kæru foreldrar/forráðamenn

Miðvikudaginn 19 okt var aðalfundur Foreldrafélags Sandgerðisskóla haldinn. Fámennt var á fundinum en góðmennt.

Formaður fór yfir síðastliðið ár og voru reikningar félagsins einnig lagðir fram.

Kosið var í nýja stjórn og þar gáfu kost á sér áfram Ólöf Ólafsdóttir, Elísabet Kolbrún, Ása Ingibjörg, Elín Björg og Katarzyna Blasik. Í hópinn bættust Sólrún Mary Gunnarsdóttir, Dircelene Gomes Almeida og Ástrós Eva Gunnarsdóttir og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í hópinn. Hannes Jón var síðan formlega útskrifaður úr stjórn FFS og þökkum við honum kærlega fyrir hans framlag.

Foreldrafélagið kemur að ýmsu í þágu barnanna og skólans. Við reynum að taka þátt í öllu sem við erum beðin um og á meðan það er til peningur í félaginu þá segjum við nánast alltaf já.

Við höfum tekið þátt í viðurkenningum sem eru afhentar við útskrift á vorin og þar gefum við bíómiða. Og það má segja að við stöndum undir kostnaði við vorhátíð skólans sem samanstendur af grilli og skemmtun. Og í vor þá grillaðum við pylsur fyrir bæði börnin og starfsfólk skólans og síðan mættu BMX bræður á svæðið og sýndu listir sínar ásamt því að kenna krökkunum ýmis trix. Það er alltaf mjög mikið fjör á þessum degi og allflestir að skemmta sér konunglega.

Við höfum einnig verið að taka þátt í kostnaði við fyrirlestra og annað á vegum skólans.

Til þess að geta geta staðið undir kostnaði að viðburðum þá höfum við sent út greiðsluseðla sem hljóða uppá litlar 2000kr á heimili burtséð frá fjölda nemenda á hverju heimili. Foreldrar hafa verið ótrúlega duglegir að greiða þessa upphæð og sem dæmi þá kom greiðsla frá 177 heimilum á síðasta ári sem er bæting frá fyrra ári. Algjörlega frábært.

Einnig hafa fyrirtæki í bænum verið mjög jákvæð þegar kemur að styrkbeiðnum fyrir nemendur Sandgerðisskóla. Og þökkum við að sjálfsögðu kærlega fyrir það.

En það má alltaf gera betur og það er okkar hugur að vera með fleiri viðburði þar sem foreldrar og börn mæti og eigi skemmtilegan dag saman í notalegu umhverfi. Og vonandi getum við farið af stað með það fyrr en seinna.

Með von um áframhaldandi gott samtarf og minnum á að allar ábendingar og hugmyndir um samverustundir foreldra og barna eru vel þegnar.

Stjórn FFS